

Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi

Umsækjandi:

Umsækjandinn er: Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
Laufskálum 2
850 Hellu
Kennitala: 600893-23469

Staðsetning Sorpstöðvar

Staðsetning móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er að Strönd, miðsvæðis milli Hellu og Hvolsvallar, norðan við Þjóðveg 1 og vestan Kirkjubæjarveggar. Fjarlægð frá næstu byggð (golfvelli og -skála) er um 700 m. Núverandi svæði er 10 hektarar (ha).

Tegund og magn úrgangs sem sótt er um

Núverandi starfsleyfi heimilar urðun á 500 tonn (t) á ári af blönduðu sorpi. Í júlí 2003 var tekin í notkun vigt, þannig að nú er allt magn sorps sem fer inn og út af svæðinu vigtað. Í framhaldi af því magni sem tekið hefur verið á móti undanfarið ár, er sótt um endurskoðun á magni þess úrgangs sem fyrirhugað er að meðhöndla.

Árlegt magn úrgangs sem sótt er um starfsleyfi fyrir er eftirfarandi:

-	Til urðunar á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:	
	Sláturúrgangur	800 t
	Óvirkur úrgangur ¹	750 t
	Byggingarúrgangur (óvirkur úrgangur) ²	1.400 t
	Samtals	2.900 t

Á starfssvæði Sorpstöðvarinnar hefur af og til verið rífin niður hús og húsgrunnar sem komið hafa til urðunar að Strönd. Að mestu leyti er um að ræða óvirkan byggingarúrgang s.s. grunna úr steinsteypu, múrsteina og gler. Í desember 2005 komu til að mynda tvö stór hús til urðunar sem vógu um 1.600 t af óvirkum byggingarúrgangi. Slíkt er sjaldgæft en þó gera má ráð fyrir tilfellum sem þessum á nokkurra ára fresti. Því sækir Sorpstöðin um heimild um að taka á móti meira magni af byggingarúrgangi en að framan greinir eða allt að 2.000 t af óvirkum byggingarúrgangi á 4. ára fresti til að bregðast við þeirri stöðu sem upp kann að koma á starfssvæði Sorpstöðvarinnar ef magn óvirks byggingarúrgangs eykst verulega.

-	Til geymslu á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu	
	Rúlluplast	500 t

-	Til endurvinnslu á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:	
	Lífrænn úrgangur³	600 t

¹ Að stærstu leyti glerafskurður oþh.

² S.s. gler, steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik, jarðvegur og steinar

³ Garðaúrgangur, trjáafklippur og hrossaskítur

- Tekið á móti og sent til meðhöndlunar annars staðar:	
Hjólbarðar	100 t
Málmar	1.000 t
Spilliefni	50 t
Samtals	1.150 t

Samtals er það magn sem tekið yrði á móti því allt að **5.200 t** á ári.

Móttökugeta og áætlaður rekstrartími

Núverandi svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. er 10 ha að stærð. Það var skipulagt árið 1993. Af þessum 10 ha er nýtanlegt svæði til urðunar um 8,5 ha. Árleg landnotkun hefur verið um 0,6 ha. Gert er ráð fyrir að þetta svæði endist til ársins 2007.

Búið er að gera tillögu að nýju deiliskipulagi á 17,6 ha svæði norðan núverandi svæðis. Ekki er gert ráð fyrir að urðunarreinar fyrir slátur- og kjötvinnsluúrgang verði fóðraðar með þéttilag, þar sem ekki verður tekið á móti blautum sláturúrgangi. Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir að viðbótarlandið verði í notkun frá árinu 2007 til ársins 2037.

Eftir jarðskjálftana á Suðurlandið árið 2000 hefur komið til urðunar umtalsvert magn af grófum úrgangi. Úr þessum úrgangi hefur verið að draga undanfarin misseri.

Rúlluplastið hefur verið urðað í sérmerktum urðunarreinum undanfarin ár. Nú stendur til að reyna nýjar aðferðir við endurvinnslu á rúlluplasti og ef þær takast þá minnkar magnið sem í dag fer til urðunar. Rúlluplastið hefur verið urðað sér og er því auðvelt að grafa það upp aftur ef og þegar endurvinnsluáferð finnst.

Með tilkomu kjötmjölsverksmiðju í Hraungerðishreppi (nú kjöteyðingarverksmiðja) minnkaði magn sláturúrgangs sem kom til urðunar. Stærsti hluti slátur- og kjötvinnsluúrgangs af starfssvæði Sorpstöðvarinnar fer í verksmiðjuna og þaðan til urðunar hjá Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu er gert ráð fyrir að árlega komi að hámarki 800 t af slátur- og kjötvinnsluúrgangi frá Sláturfélagi Suðurlands, Reykjagarði og Sólfugli ásamt úrgangi af starfssvæðinu vegna heimaslátrunar og sjálfsdauðs búpenings.

Seyru er ekki tekið á móti heldur er vísað á Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu.

Ef asbest berst að sorpstöðinni er það aðeins urðað með óvirkum úrgangi.

Umhverfisvöktun

Fimm borholur eru í kringum móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðið. Ein borhola er norðan við hann og fjórar borholur eru sunnan við svæðið. Einnig eru tveir sýnatökustaðir sunnan við Þjóðveg 1. Sýni hafa verið tekin reglulega síðan 2002. Lagt er til að sýnataka verði aukin í tvær mælingar á ári í stað einnar núna.

Ekki er talin þörf á botnþéttingu urðunarreina fyrir slátur- og kjötvinnsluúrgang eins og áður segir né annarra ráðstafanna og eru rökin fyrir því eftirfarandi:

- Mengunarskotið sem varð á Sorpstöðinni síðla árs 2003 var mjög vel afmarkað og skilgreint sem óhapp enda voru mengunarmælingar komnar í viðunandi horf í næstu mælingu. Sé komið í veg fyrir að þessar aðstæður

skapist telur framkvæmdaraðili að ekki þurfi að gera sérstakar viðbótarráðstafanir í þessa veru, s.s. með botnþéttingu. Urðun mjög blauts sláturúrgangs er ekki heimil en ef svo óheppilega vildi til að slíkar aðstæður skapast gildir viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn (sjá fylgiskjal).

- Magn slátur- og kjötvinnsluúrgangs mun samkvæmt endurskoðuðu starfsleyfi minnka um 60% vegna tilkomu rekstrar kjöteyðingarverksmiðju í Hraungerðishreppi en þaðan eru afurðirnar fluttar og urðaðar að Kirkjuferjuháleigu. Þessi samdráttur í magni úrgangs til urðunar að Strönd minnkar verulega líkurnar á að óviðráðanlegar aðstæður skapist hjá Sorpstöðinni. Komi hins vegar til að rekstur kjöteyðingarverksmiðjunnar stöðvist tímabundið eða raskist á annan hátt verður gripið til neyðaráætlunar fyrir urðunarstaðinn (sjá fylgiskjal).

Staða skipulags

Tillaga að nýju deiliskipulagi liggur fyrir og er í vinnslu hjá Rangárþingi ytra.

Fylgiskjöl með umsókn:

Ljósrit af landakorti af svæðinu

Greinargerð með tillögu að breyttu deiliskipulagi

Tillaga að nýju deiliskipulagi


Tillaga að viðbragðsáætlun

Tillaga að neyðaráætlun

Reykjavík 10.01.2006

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Axel Valur Birgisson, Hönnun hf.



SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU bs.

**GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU AÐ BREYTTU
DEILISKIPULAGI**

STRÖND

RANGÁRÞINGI YTRA

Greinargerð með tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs, Strönd, Rangárþingi ytra.

1 Inngangur.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. setur hér fram tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði samlagsins að Strönd, Rangárþingi ytra. Um er að ræða viðauka og breytingu á deiliskipulagi svæðisins frá 1993, sem unnið var á Skipulagsstofunni Heiði hf, Birgi Þórðarsyni, umhverfisskipulagsfræðingi og Ástu Kristbergsdóttur, landslagsarkitekt.

Fyrirhugaðar breytingar skipulagsins eru fólgnar í eftirfarandi:

- stækkun urðunarsvæðisins til norðausturs.
- lokun þess hluta eldra urðunarsvæðis, þar sem urðun fór fram, ásamt áframhaldandi uppgræðslu þess svæðis.
- aðlögun og tenging athafnasvæðis, s.s húsnaðis, vogar o.fl., á eldra urðunarsvæði við nýja svæðið.

Uppfærsla og aðlögun að breytingum, sem orðið hafa frá gerð eldra skipulags:

- breyting á sveitarfélögum í sýslunni, mannfjölda o.fl.
- breyting á samsetningu urðaðs úrgangs
- nýtt starfsleyfi

Greinargerð þessi byggir að miklu leyti á greinargerð deiliskipulagsins frá 1993 og eru hér eingöngu settar fram þær breytingar, sem gerðar hafa verið og eru fyrirhugaðar. Að öðru leyti gildir eldri greinargerð, sem er fylgiskjal með með þessari greinargerð.

2 Fyrirhugaðar breytingar.

Stækkun urðunarsvæðisins til norðausturs:

Svæðið er um 17,6 ha að stærð. Það er að hluta til á grónu svæði, en að öðru leyti á ógrónum eða lítt grónum melum. Urðað verður á takmörkuðum svæðum á hverjum tíma og þeim svæðum síðan lokað og gengið frá með jarðvegsþekju, sáningu og trjárækt. Gerðar verða manir umhverfis svæðin, svipað og gert hefur verið skv. eldra skipulagi. Settar verða færanlegar fokgirðingar umhverfis hvert svæði meðan urðun þar fer fram.

Lokun og uppgræðsla eldra urðunarsvæðis:

Lokið er urðun í um 6,5 ha svæðis á eldra urðunarsvæði. Eftir er um 2ja ha svæði, sem er í notkun. Gert er ráð fyrir að það svæði verði uppurið árið 2007. Vinna við ræktun og frágang eldri urðunarsvæða er langtíma vinna og hefur verið í gangi frá upphafi urðunar að Strönd. Við ræktun er notaður garðaúrgangur og húsdýraáburður og er sáð í svæðin, sett niður tré o.þ.h. Nauðsynlegt er að bera áburð á svæðin um langan tíma þar sem jarðvegur er mjög næringarefnasnauður.

Aðlögun og tenging athafnasvæðis:

Núverandi athafnasvæði í norðausturhorni eldra svæðisins verður notað áfram. Á því svæði er m.a:

- húsnæði fyrir rekstrarverktaka.
- bílvog fyrir vigtun alls úrgangs sem berst.
- svæði fyrir móttöku á brotajárni, hjólbörðum, eiturefnum, rafgeymum og spilliefnum og tímabundna geymslu þessara sorptegunda, en þær eru flokkaðar og fluttar burtu til endurvinnslu eða förgunar.
- svæði fyrir móttöku og tímabundna geymslu ýmissa stærri vélhluta, s.s. gamalla bíla o.þ.h. Tekið á móti vélhlutum og bílum og geymt fyrir einkaaðila og fyrir-tæki á svæðinu.

Gerðar verða vegslóðir inn á nýja svæðið.

3 Áorðnar breytingar.

Sveitarfélög, mannfjöldi:

Þær breytingar hafa orðið á staðháttum í Rangárvallasýslu að nokkur sveitarfélög hafa sameinast.

Í Rangárþing eystra hafa sameinast:

- A- og V-Eyjafjallahreppir
- A- og V-Landeyjahreppir
- Fljótshlíðarhreppur
- Hvolhreppur

Í Rangárþing ytra hafa sameinast:

- Rangárvallahreppur
- Holta- og Landsveit
- Djúparhreppur

Utan sameiningar standa:

- Ásahreppur

Að Sorpstöð Rangárvallasýslu standa eftirtalin sveitarfélög. Þann 1. desember 2003 var íbúafjöldi þeirra:

- | | |
|---|------------|
| • Rangárþing eystra (að Eyjafjallahreppum undanskildum) | 1381 íbúi |
| • Rangárþing ytra | 1436 íbúar |
| • Ásahreppur | 144 íbúar |

Íbúafjöldi samtals:

2961 íbúi

Samsetning og magn urðaðs úrgangs:

Miklar breytingar hafa orðið á úrgangsmagni og samsetningu þess hjá Sorpstöðinni frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Fljótlega kom í ljós að úrgangur til urðunar var mun meiri en ráðgert hafði verið. Einkum varð mikil aukning í magni slátur- og kjöt-vinnsluúrgangs.

Með tilkomu kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi hefur aftur dregið úr urðun sláturúrgangs. Urðun sláturúrgangs er þó umtalsverð ennþá, en vonir standa til að hægt verði að koma meiri úrgangi í verksmiðjuna en nú er.

Landbúnaðarúrgangur (rúlluplast) hefur lengst af verið urðaður. Gerðar voru tilraunir til að endurnýta plastið, en þær mistókust. Nú stendur til að reyna nýjar aðferðir við endurvinnslu, en ef þær takast þá minnkar magn til urðunar.

Magn innvegens sorps til urðunar árið 2003 var:

Virkur úrgangur:

- sláturúrgangur 1980 tonn

Óvirkur úrgangur

- byggingarúrgangur o.þ.h. 570 tonn
 - óvirkur úrgangur 900 tonn
 - blandaður úrgangur 330 tonn
 - landbúnaðarúrgangur (rúlluplast) 250 tonn
- 2050 tonn

Samtals urðað:

4030 tonn

Þetta magn samsvarar u.þ.b. 7.000 m³ við urðun, að meðtöldu jarðvegsþekjulagi yfir úrganginn. Miðað við að gryfjur séu 3 m djúpar að meðaltali og nýting svæðisins sé 60% þarf 4.000 m² landsvæði á ári til urðunar.

Magn innvegens sorps, sem var flokkað og flutt burt árið 2003 var:

- brotajárn 630 tonn
- hjólbarðar 22 tonn
- spilli- og eiturefni 8 tonn

Samtals flutt brott:

660 tonn

Garðaúrgangur og jarðvegur er endurnýttur til gróðurgerðar á starfssvæðinu. Innvegið magn var 530 tonn árið 2003

Starfsleyfi:

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir starfsemi sorpstöðvarinn þann 8. nóvember 2000. Gildistími þess er til 30. júní 2009.

4 Urðunarsvæðið að Strönd. Landnotkun.

Svæði það sem skipulagt var 1993 mun að öllum líkindum endast til ársins 2007. Skipulagið náði til um 10 ha svæðis, en frá urðunarsvæðum dragast svæði vegna mana og girðinga á jöðrum, vegna lækjarfarvegs miðsvæðis og vegna aðstöðu rekstrarverktaka o.fl. Nýtanlegt svæði til urðunar er um 8,5 ha að stærð. Árleg landnotkun hefur því verið um 0,6 ha/ári.

Í skipulagi og fyrsta starfsleyfi var gert ráð fyrir að urðunarreinar fyrir slátur- og kjötvinnsluúrgang væru fóðraðar með þéttlagi. Það skilyrði var ekki sett í starfsleyfi sem nú er í gildi. Ekki er gert ráð fyrir fóðrun slíkra urðunarreina í tillögu að breyttu deili-skipulagi.

5 Rekstur svæðisins.

Rekstur svæðisins verður áfram í sama formi og verið hefur. Tekið verður á móti öllum þeim tegundum sorps, sem hingað til hafa borist sorpstöðinni, sbr. gr. 3 hér að ofan. Stór hluti þessa sorps er fluttur brott, eins og fram kemur í eldri greinargerð.

6 Fylgiskjöl


Með greinargerð þessari fylgja eftirtalin skjöl og teljast þau hluti hennar:

- Starfsleyfi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs, útgefið 8. nóv. 2000, gildistími til 30. júní 2009.
- Deiliskipulag frá 1993, ásamt starfsleyfi, útgefnu 12.08.1991.

7 Heimildir.

Greinargerð með deiliskipulagi 1993, Birgir Þórðarson.
Hagstofa Íslands, upplýsingar um mannfjölda.
Rekstaráðili Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU bs, STRÖND



DEILISKIPULAG FRÁ 1993 1:3000 (A1)



SKIPULAGSSVEÐI 1:20000 (A1)



TILLAGA AD BREYTTU DEILISKIPULAGI 1:2000 (A1)

GREINARGERÐ

MÉÐ TILDÖGU ÞESSARI AD BREYTTU DEILISKIPULAGI FYLDUR GREINARGERÐI Í SEPRITLI GREINARGERÐI MÍÐ DEILISKIPULAGI FRÁ 1993 GILDR AFÞRÁM AD MKLÚ LEYTI OG ER VISAÐ Í HANA Í NYRRI GREINARGERÐI.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ FYRRA DEILISKIPULAGI ERU:

ÁTTAÐ ER AD URÐUNARSVEÐI SKV. SKIPULAGI FRÁ 1993 VERÐI FULLNÝTT ÁRIÐ 2007.

TEKIÐ ER Í NOTKUN NÝTT URÐUNARSVEÐI 17,6 HA AD STERÐ, NORÐAUSTAN VIÐ NOVERANDI SVEÐI. ÁTTAÐ ER AD ÞETTA SVEÐI DUGI Í UM 30 ÁR OG VERÐUR URÐAÐ ÍMÁR Á ÁRULNUM 2007-2037

MISALMUNANDI TEGUNDIR ÖRGANDS VERÐA URÐAÐAR Í SÖRRENIM, OG VERÐUR STAÐSETNING ÞEIRRA INNMELD OG SKOÐAÐ.

ATHAFNASVEÐI REKSTANVERKTAKA VERÐUR AFÞRÁM Á GAMLA SMEDNU, ÞAR ER: VINNUSKÓÐ, BÍLVOG.

MÓTTAGA OG ÞÖSKUN EITUREFNA (FLUT BURT).

MÓTTAGA BRÖTAJÁRNS (FLUT BURT).

MÓTTAGA OG GEMINGSLUSVEÐI FYRIR GAMLA BILA OG ÖNNUR TEKI, SEM FÓLK VILL SETJA.

SKÝRINGAR

- - - - - MÖRK SKIPULAGSSVEÐIS
- - - - - MÖRK NÝS URÐUNARSVEÐIS
- - - - - MÖRK SKIPULAGS FRÁ 1993
- - - - - MÖRK ATHAFNASVEÐIS REKSTANVERKTAKA

SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAGSTILLAGA ÞESSI HEFUR FENGID MEDFERD SKV. 25. GREIN SKIPULAGS- OG BYGGINGALAGA NR. 73/1997.

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ _____ TL _____ 2004

TILLAGAN VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGSNEFND HANN _____ 2004

TILLAGAN VAR SAMÞYKKT Í SVETARSTJÓRN RANGÁRÞINGS YTRA _____ 2004

ÖLL ÁRNOT OG AFSTRIK TEGNINGAR, AD HLUATA EDA HEILA, ER HAD SKRIFLEGI LEYTI HÖFUNDA.

GREINARSVEÐI 1 - 10B REYKJÁRVEK - Sími: 510 4000 - Fax: 510 4001
 VEFÞANG: www.honnun.is - NETÞANG: honnun@honnun.is

HEIÐ VERKS

SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU STRÖND

RANGÁRÞING YTRA

HEIÐ TEGNINGAR

TILLAGA AD BREYTTU DEILISKIPULAGI

MÁLSN.	TEIKNINGAR	ÖLTHYLSLUSKILUR	SKV. 1 B41 19B
HANANDI	YFIRFARNDI	MÁL.	1:2000 (A1)
DAÐI, UNNGIÐURDAGI	DAÐI OG TÍÐI TEGNINGAR		001
UNNGIÐURDAGI	HÖNNUN hf	430572-0169	GRÖFNA.
			B1

Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna meðhöndlunar úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. að Strönd

Starfsleyfishafi er: Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
Laufskálum 2
850 Hellu
Kennitala: 600893-23469

Viðbragðsáætlun

Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæði Sorpstöðvarinnar að Strönd í Rangárþingi ytra.

Viðbragðsáætlun um aðgerðir ef til mengunaróhapps kemur hjá Sorpstöðinni er eftirfarandi:

- Ef olía eða önnur spilli- og eiturefni fara vegna slysnis í jarðveg skulu starfsmenn Sorpstöðvarinnar moka menguðum jarðvegi upp við fyrsta tækifæri og setja í gám og farið með jarðveginn í viðeigandi eyðingu.
- Ef sláturúrgangur sturtast niður utan urðunarreina skal honum mokað upp auk 2-4 cm jarðvegslags þar undir og fluttur á viðeigandi stað.
- Ekki er heimilt að taka á móti mjög blautum sláturúrgangi. Ef slíkur úrgangur berst Sorpstöðinni og urðast fyrir slysnis skal honum tafarlaust mokað upp í gám og fluttur burt á viðeigandi stað.

Dagleg starfsemi Sorpstöðvarinnar miðast við að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til að draga úr afleiðingum þeirra.

Viðbragðsáætlun skal sett upp á áberandi stað í Sorpstöðinni.

Neyðaráætlun

Markmiðið með áætluninni er að gera varaúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða að takmarka hugsanlegan skaða ef Sorpstöðin lokar eða neyðist til að draga verulega úr starfsemi á móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðinu að Strönd í Rangárþingi ytra.

Varúðarráðstafanir eru nauðsynlegar ef til lokunar eða til takmörkunar á þjónustu komi, t.d. vegna bruna hjá Sorpstöðinni, að rekstrarstöðvun eða óhapp verði í kjöteyðingarstöðinni í Hraungerðishreppi og magn slátur- og kjötvinnsluúrgangs sem kemur til meðhöndlunar hjá Sorpstöðinni breytist verulega, eða að skyndilega þurfi að loka Sorpstöðinni af öðrum orsökum um lengri eða skemmri tíma.

Neyðaráætlun fyrir Sorpstöðina byggist á eftirfarandi:

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er aðili að Sorpstöð Suðurlands bs. sem rekur urðunarstað að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Kirkjuferjuháleiga getur tekið tímabundið á móti öllum þeim úrgangi sem nú er tekið á móti að Strönd til urðunar.

Sorpstöðvarnar á Suðurlandi geta leitað í neyðartilfellum til SORPU á höfuðborgarsvæðinu sem rekur urðunarstað á Álfsnesi. Á þetta við um allar tegundir úrgangs sem nú kemur til meðhöndlunar og urðunar að Kirkjuferjuháleigu og að Strönd.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur möguleika á að koma úrgangi til Sorpbrennslu Suðurnesja í neyðartilfelum.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur möguleika á að koma úrgangi í neyðartilfellum til Hulu bs. sem rekur sorpmóttöku og urðun að Skógasandi.

Tekið er fram að nauðsynlegt þykir að samræmdar aðgerðir séu viðhafðar hjá nærliggjandi sorpsamlögum.